

92. Þingflokksfundur, 16. febrúar 2015

Fundinn sitja: Jón Þór, Birgitta, Alla
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Bréf af þingflokksformannafundi (BJ)

Stuttur fundur, farið yfir dagskrá vikunnar.

2. Bréf úr forsætisnefnd (JÞÓ)

- Dagskrá vikunnar rædd.
- Þrýst var á að koma sem flestum þingmannamálum sem fyrst í 1. umræðu og í nefnd.

3. Dagskráin í dag

Farið stuttlega yfir dagskrá þingsins í dag.

4. Uppflettingar í LÖKE

Frestað til miðvikudags

5. Önnur mál

- Öryrkjabandalag kemur á þingflokksfund á miðvikudaginn, kl 13.
- Ákveðið að Alla muni halda utan um stöðu þingmála flokksins.
- Alla og Helgi funduðu með föngum á Akureyri. Afstaða, félag fanga, er ósátt við samskiptaleysi Fangelsismálastofnunar. Rætt um að fá afstöðu ráðherra á málinu.
- Jón Þór hitti Víglund í síðustu viku. Álit Brynjars Níelssonar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd kemur á morgun. Birgitta fylgist með málinu þar.
- 463. mál (Handtaka og afhending manna til og frá Íslandi á grundvelli handtökuskipunar) í 1. umræðu. Fer í allsherjarnefnd, Alla ræðir við Helga.
- Frestun nauðungarsala rennur út um næstu mánaðamót. Mikilvægt að fresta nauðungarsölum fram yfir dóm Hæstaréttar. Jón Þór mun tala við innanríkisráðherra um málið í óundirbúnum á miðvikudaginn.

Fundi slitið kl. 13.30